

# VERUM ÖRUGG

Niðurstöður Barna og ungmennapings  
Reykjanesbæjar 2025



**Ungmennaráð  
Reykjanesbæjar**  
..... verum örugg






# Verum örugg í samskiptum!

**Við spurðum þátttakendur þingsins hvað væri mikilvægast að gera til að bæta samskipti barna og ungmenna**

- Þau vilja fá valáfanga sem kenndur yrði í öllum skólum sem einblínir á jákvæð samskipti
- Þau vilja fá fræðslur á unglíngastig og miðstig um jákvæð samskipti
- Fleiri bekkjarhittingar og hópefli í skólum
- Virkjum nemendafélögin betur og verum með fleiri opin hús á kvöldin í skólanum okkar
- Setjum meira fjármagn í tómstundir, forvarnir og fræðslu
- Tengjum skólana betur saman og virkjum samstarfið milli skóla

## Verum örugg - Átaksverkefni ungmenna

- Ungmennaráðið vill fara af stað í átaksverkefni og vera með fræðsluherferð undir merkjum „Verum örugg” og fá alla foreldra, ungmenni, kennara og bæjarstjórnina með í það verkefni
- Þátttakendurnir á þinginu endurspegla nokkuð vel unglíngastig Reykjanesbæjar og þau hafa miklar áhyggjur af stöðunni. Tíminn er núna til þess að bregðast við!



# Undirbúningur þingsins

## Ungmennaráðið

Ungmennaráð Reykjanesbæjar er skipað 25 meðlimum frá öllum grunnskólum Reykjanesbæjar auk ungmennum frá frístundamiðstöð Reykjanesbæjar, Nemendafélagi Fjölbautaskóla Suðurnesja og ásamt því er valið inn nafnlaust úr hópi umsækjanda ár hvert. Ungmennaráðið fundar yfirleitt á tveggja vikna fresti með umsjónarmönnum ráðsins og eru helstu verkefni ráðsins að vera með áheyrnarfulltrúa í ráðum og nefndum Reykjanesbæjar, vera málsvari barna og ungmenna við Bæjarstjórn Reykjanesbæjar auk annarra verkefna sem Reykjanesbær og ungmennaráð ákveður hverju sinni.

Ungmennaráðið óskaði eftir aðstoð frá unglingaráði Fjörheima í framkvæmd þingsins og voru nokkur ungmenni sem komu þaðan líka. Þau ungmenni sem komu að uppsetningu þingsins 2025 voru eftirfarandi:

Aðalheiður Ísmey Davíðsdóttir  
Ágúst Fannar Ástþórsson  
Elísabet María Þórisdóttir  
Frosti Kjartan Rúnarsson  
Hermann Borgar Jakobsson  
Katrín Alda Ingadóttir  
Lára Margrét Hermannsdóttir  
Maja Kuzmicka  
Margrét Norðfjörð Karlsdóttir  
Sóley Guðjónsdóttir


Andrea Elísabet Ragnarsdóttir  
Brynhildur Þöll Bjarnadóttir  
Emelía Bjarnveig Skúladóttir  
Heiðbjört Kaja B. Einarsdóttir  
Ísey Rún Björnsdóttir  
Kolbrún Dís Snorradóttir  
Linda Líf Hinriksdóttir  
Marika Maja Scislowicz  
Perla Dís Gunnarsdóttir  
Sóley Halldórsdóttir

## Ungmennalýðræði

Meðlimir ungmennaráðsins byrjuðu að undirbúa þingið haustið 2024. Fljótlega var ákveðið að fara aðra leið með þingið í þetta skiptið. Fyrir þingið 2023 var ákveðið að hafa það með þeim hætti að auðvelt væri að taka niðurstöðurnar og breyta þeim í aðgerðir sem hægt væri að hrinda í framkvæmd sem fyrst. Mikil ánægja var með það fyrirkomulag og er gaman að sjá hversu vel hefur gengið að framkvæma þær aðgerðir sem þar voru settar fram.

Þingið í ár var hugsað sem byrjunin á átaksverkefni í Reykjanesbæ í kjölfar andláts Bryndísar Klöru Birgisdóttur á Menningarnótt 2024 og aukinnar umræðu um ofbeldismenningu og stöðu ungmenna á Íslandi í kjölfarið. Yfirskriftin á þinginu var „Verum Öruggr“ og var hugtakið „Öryggi“ þemað í öllum umræðuflokkum sem fóru fram á þinginu í ár. Þá var ákveðið að kortleggja alla staði sem ungmenni eiga í samskiptum við önnur ungmenni og annað fólk og voru helstu staðirnir notaðir sem undirflokkar í umræðum. Undirflokkar má sjá á myndinni hér. Ungmennaráðið tók allar ákvarðanir varðandi þema, litaval og uppsetningu á þinginu sjálfu.

Umsjónarmenn Ungmennaráðsins 2024-2025  
Betsý Ásta Stefánsdóttir  
Ólafur Bergur Ólafsson



# 9 ráðleggingar fyrir börn svo við séum meira örugg



Unnið út frá skilaboðum og hugmyndum ungmenna á barna og ungmennáþingi Reykjanesbæjar 2025

1

Við þurfum að passa betur upp á umhverfið okkar

2

Hættum að bera okkur saman við fólk á netinu

3

Hættum að pæla í símanum okkar og lítum upp

4

Ekki samþykkja fólk sem þið þekkið ekki á samfélagsmiðlum

5

Ekki trúá öllu sem við sjáum á netinu Verum efins

6

Hjálpum hvort öðru frekar en að tala illa um hvort annað

7

Við eigum að bera meiri virðingu fyrir skólanum okkar

8

Við eigum að vera óhrædd að biðja aðra um aðstoð

9

Við getum stýrt því hvað við sjáum og gerum á netinu

# 9 ráðleggingar fyrir fullorðna svo við séum meira örugg

Unnið út frá skilaboðum og hugmyndum ungmenna á barna og ungmennapingi Reykjanesbæjar 2025

1

Verið meðvituð um hvað við erum að gera á netinu

2

Mætið á foreldrafræðslur og takið þátt

3

Þið þurfið að passa betur upp á umhverfið okkar

4

Þið þurfið að bera meiri virðingu fyrir hvort öðru

5

Ekki trúá öllu sem þið sjáið á netinu Verið efins

6

Það sem þið segið og gerið á netinu hefur áhrif á okkur

7

Þið þurfið að bera meiri virðingu fyrir skólunum okkar

8

Þið eigið að vera óhrædd um að biðja um aðstoð

9

Við viljum meiri aga og skýrari reglur frá ykkur

# Öryggi í tómstundum

Niðurstöðurnar eru raðaðar eftir fjölda atkvæða sem þær fengu á þinginu.  
Efstu 15 niðurstöðurnar eru sýndar fyrir hvern málaflokk

- 1 Ungmennni sem slasast í tómstundastarfi ættu að hafa kost á því að fara til sjúkráþjálfara frítt eða fyrir lítið
- 2 Öll börn yngri en 10 ára borga eitt fast gjald og geta farið í hvaða íþrótt sem er
- 3 Okkur vantar einhvern sem við getum talað við sem við treystum í okkar tómstundastarfi
- 4 Við viljum að boðið verði upp á meira úrval fyrir fötluð börn í þeirra tómstundastarfi
- 5 Lægri æfingagjöld í íþróttastarfi barna
- 6 Æfingabúnaður ætti að vera innifalinn í æfingagjöldum
- 7 Hafa meira úrval og fjölbreytileika í íþróttastarfi
- 8 Setja meiri áherslu á vetraríþróttir og bjóða upp á strætóferðir á Bláfjöll á veturna
- 9 Allt íþróttastarf ætti að vera opið öllum fötluðum börnum
- 10 Það væri gott að hafa fjölnota íþróttahús fyrir allskonar fjölbreyttari tómstundir
- 11 Passa þarf upp á að núverandi íþróttastaða sé góð og að þrifið sé reglulega í íþróttamannvirkjum
- 12 Það ætti að vera meiri áhersla á hópefli og gott félagslíf í íþróttastarfi
- 13 Samræma æfingagjöld milli íþróttagreina
- 14 Lengja tíma á strætó t.d. 22:30 og fjölga tíðni á ferðum
- 15 Íþróttahúsin eru alltaf uppbókuð, Við þurfum að geta æft okkur auka líka til þess að ná árangri



# Öryggi í Skólanum

Niðurstöðurnar eru raðaðar eftir fjölda atkvæða sem þær fengu á þinginu.  
Efstu 15 niðurstöðurnar eru sýndar fyrir hvern málaflokk

Við viljum betri umgengni í skólanum

Við viljum minnka símanotkun í skólunum og hafa sömu reglur allsstaðar

Það vantar frekari aðstoð fyrir börn og ungmenni með námsörðugleika

Okkur finnst þurfa að bæta hreinlæti á baðherbergjum skólans

Við viljum fá félagsráðgjafa í alla skóla til að börn og ungmenni hafi eitthvern til að tala við

Okkur finnst að kennarar megi hafa fjölbreyttari kennsluaðferðir sem henta öllum

Okkur finnst við ekki geta treyst kennurum og finnum ekki fyrir stuðningi

Okkur finnst allt vera uppá 10 í skólanum okkar

Við viljum frekari viðveru skólahjúkrunarfræðings

Við viljum fá betra og meira úrval í skólamat

Það vantar fleiri ruslatunnur innan skólana

Við eigum að bera meiri virðingu fyrir kennurunum okkar og náminu

Okkur finnst það ætti að leyfa síma í sumum tímum/verkefnum

Okkur finnst mikilvægt að kennarar og starfsfólk sýni andlegri heilsu meiri skilning

Það þarf að vera meira hægt að gera í skólanum milli kennslustunda, spil, pool, ping pong o.fl.

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15

# Öryggi á netinu

Niðurstöðurnar eru raðaðar eftir fjölda atkvæða sem þær fengu á þinginu.  
Efstu 15 niðurstöðurnar eru sýndar fyrir hvern málaflokk

- 1 Við viljum fleiri fyrirlestra og fræðslur um netöryggi, fyrr og oftár
- 2 Við viljum hærra aldurstakmark á samfélagsmiðlum (14-16 ára fyrst inn á samfélagsmiðla - alls ekki yngri)
- 3 Foreldrar verða að vera meðvituð um hvað börnin þeirra eru að horfa eða gera á netinu
- 4 Samfélagsmiðlar ættu að hafa strangari reglur um hvað er sett inn á netið (hatursorðræða, klám, ofbeldi o.s.frv.)
- 5 Við viljum að foreldrar okkar fái fleiri fræðslur um áhrif samfélagsmiðla og skjánotkunar
- 6 Það vantar fleiri skemmtilega staði fyrir börn og ungmenni í Reykjanesbæ
- 7 Börn og ungmenni eru alltof mikið í símanum - fullorðnir verða að grípa inn í
- 8 Það þurfa að vera fleiri verslanir/staðir í hverfunum / ekki bara miðsvæðis
- 9 Setja strangari reglur um skjátíma barna og unglunga á snjalltækjunum þeirra
- 10 Ungmenni þurfa að vera meðvituð um að það sem gerist á netinu hefur áhrif á það sem gerist í raunheiminum
- 11 Skólinn mætti vera með fleiri verkefni um hvaða áhrif netið hefur á okkur
- 12 Ungmenni geta að einhverju leyti með sinni hegðun á netinu stýrt hvað birtist á samfélagsmiðlunum sínum
- 13 Samanburður ungmenna á netinu er ekki góður fyrir börn og ungmenni
- 14 Neteinelti er stórt vandamál sem hefur slæm áhrif á börn og ungmenni
- 15 Ungmenni þurfa að passa sig hvern þau samþykkja á netinu, Ekki samþykkja einhvern sem þú þekkir ekki



# Öryggi í Umhverfinu

Niðurstöðurnar eru raðaðar eftir fjölda atkvæða sem þær fengu á þinginu.  
Efstu 15 niðurstöðurnar eru sýndar fyrir hvern málaflokk

Við viljum fleiri ruslatunnur til að gera okkur auðveldara að halda bænum snyrtilegum

Við viljum fá strætóskýli við allar stoppistöðvar

Það væri gott að vera með auka starfsmann til að passa upp á að það sé verið að fylgja reglum og að það sé öruggt í strætó

Okkur finnst ekki vera hreint í Reykjanesbæ

Fleiri ljósastaurar við göngustíga og gönguleiðir í Reykjanesbæ

Við viljum fá strætó á 15 mín fresti í Reykjanesbæ

Viðmót bílstjóra í strætó mætti vera betra

Fleiri leikvelli og fá hugmyndir frá krökkum

Frítt í strætó fyrir börn og ungmenni

Strætó má ganga klukkutíma lengur á kvöldin

Hreinlæti í strætó mætti bæta, mætti fjölga ruslatunnum í vögnunum sjálfum

Hafnargatan mætti vera snyrtilegri og litríkari

App til að sjá hvar strætó er (klappið)

Strætó þarf að ganga lengur um helgar

Miðstöðin við Nettó er ekki nógu stór og ekki nógu örugg fyrir gangandi vegfarendur

1

2

3

4

5

6

7

8

9

10

11

12

13

14

15





# Reykjanesbær

Niðurstöður Barna og Ungmennáþings Reykjanesbæjar

Maí 2025